

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 457/2007**2009/EES/37/27****frá 25. apríl 2007****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

- 2) Í reglugerð (EB) nr. 417/2002 voru innleiddar ráðstafanir þar sem lagt var bann við flutningi á þungum olíum í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi á leið til eða frá höfnum Evrópusambandsins.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

- 3) Í kjölfar aðgerða aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) hefur þetta bann verið lagt á um allan heim með því að breyta I. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,að höfðu samráði við svæðanefndina, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

- 4) Í 5., 6. og 7. lið í reglu 13H í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 um bann við flutningi á þungum olíum í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi er kveðið á um möguleika á undanþágum frá beitingu tiltekinnar ákvæða reglu 13H. Í yfirlýsingu frá for-mennskuríki leiðtogaráðsins, Ítalíu, fyrir hönd Evrópu-sambandsins, sem var skráð í opinbera skýrslu sjávar-umhverfisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC-50), er látin í ljós pólitísk skuldbinding þess efnis að nýta ekki þessar undanþágur.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 417/2002 ⁽³⁾ er kveðið á um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973, eins og honum var breytt með bókun frá 1978 þar að lútandi (MARPOL-samningurinn frá '73/'78), til að draga úr hættunni á olíumengun af slysi á hafsvæði Evrópu.

- 5) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 417/2002, getur skip, sem siglir undir fána aðildarríkis, sótt um undanþágu frá reglu 13H ef það er starfrækt utan hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkis en það uppfyllir þó samt ákvæði reglugerðar (EB) nr. 417/2002.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 35.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 229.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. mars 2007.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2172/2004 (Stjtið. ESB L 371, 18.12.2004, bls. 26).

- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 417/2002 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 417/2002 komi eftirfarandi:

„3. Olíuflutningaskipi, sem flytur þunga olíu, er óheimilt að sigla undir fána aðildarríkis nema slíkt olíuflutningaskip hafi tvöfaldan byrðing.

Olíuflutningaskipi, sem flytur þunga olíu, er óheimilt að koma til eða fara frá höfnum eða endastöðvum undan strönd eða liggja við akkeri innan lögsögu aðildarríkis nema slíkt flutningaskip sé með tvöföldum byrðingi, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. apríl 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. GLOSER

forseti.
